

Páll V. Bjarnason
Helga Maureen Gylfadóttir

Húsakönnun

Sólvallagata – Blómvallagata – Hávallagata – Garðastræti –
Hólatorg



Reykjavík 2003

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr 102

Húsakönnun

Sólvallagata – Blómvallagata – Hávallagata –
Garðastræti – Hólatorg

Páll V. Bjarnason, arkitekt
Helga Maureen Gylfadóttir, sagnfræðingur

Reykjavík 2003

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr 102

Unnið í samráði við byggingarlistardeild Listasafns Reykjavíkur.

Unnið að beiðni Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
vegna deiliskipulagsvinnu.

Ljósmyndir: Helga Maureen Gylfadóttir, Minjasafni Reykjavíkur
Kort: Björn Ingi Edvardsson, Skipulags- og byggingasviði Reykjavíkur.

© Árbæjarsafn Páll V. Bjarnason arkitekt,
deildarstjóri húsadeildar Minjasafns Reykjavíkur og
Helga Maureen Gylfadóttir sagnfræðingur.

Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn
Skýrsla nr 102
Reykjavík 2003.
Öll réttindi áskilin.

Formáli

Hér fer á eftir könnun byggðar á staðgreinireiti **1.160.3** í Reykjavík, en hann afmarkast af Sólvallagötu, Blómvallagötu, Hávallagötu, Garðastræti og Hólatorgi. Húsakönnunin er unnin að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur í samræmi við skipulagslög vegna gerðar deiliskipulags á svæðinu. Þessi reitur er innan þess svæðis sem varðveisluskrá Reykjavíkur nær til, en það er svæðið innan Hringbrautar/Snorrabrautar. Húsin á reitnum voru byggð á árunum 1919 til 1952, en flest þó á 3. áratug 20. aldar. Ekki er um að ræða tæmandi sögulega úttekt á viðkomandi svæði, en þó er skoðað hvaða hús hafa verið byggð á svæðinu í gegnum árin og þau metin sem enn standa. Sú rannsókn er nauðsynleg til að átta sig á samhengi byggðarinnar og þróun svæðisins.

Við mat á varðveislugildi húsa hefur verið beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey in Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefin af Húsafriðunarnefnd ríkisins 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti; *byggingarlist, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð*. **Varðveislugildi húsa** byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis. Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 (Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar/ Hringbrautar). Þar sem húsverndarskráin er ekki að öllu leyti byggð á rannsóknnum heldur á fyrirbyggjandi gögnum og úttekt byggðarinnar á staðnum, getur verið nauðsynlegt að gera breytingar eftir nákvæmari húsakönnun.

Júlí 2003,

Páll V. Bjarnason arkitekt,

deildarstjóri húsadeildar

Minjasafns Reykjavíkur - Árbæjarsafns.

Byggingarsaga

Hér fer á eftir byggingarsöguleg úttekt á staðgreinireitnum 1.160.3 í Reykjavík.

Staðsetning

Reiturinn afmarkast af Sólvallagötu, Blómvallagötu, Hávallagötu, Garðastræti og Hólatorgi. Ekkert húsanna ber þó númer við Garðastræti né Blómvallagötu.

Húsagerð og aldur

Í þessari húsakönnun er fjallað um 18 hús og eru 16 þeirra steinsteypt en tvö úr timbri. Tólf húsanna eru tvílyft að upphaflegri gerð en sex einlyft. Elsta húsið, Hólatorg 4, var byggt árið 1919, en það yngsta, Hávallagata 17, árið 1952. Flest húsanna, eða sjö þeirra, eru byggð á árunum 1934 til 1936. Þau standa öll við Hávallagötu. Hin tvö hús sem standa við Hávallagötu voru byggð árin 1939 og 1952. Húsinn fimm við Sólvallagötu voru byggð á árunum 1927 til 1940. Fjögur hús standa við Hólatorg og var hús númer fjögur byggt árið 1919 eins og áður segir en númer tvö árið 1920. Húsinn númer sex og átta voru bæði byggð árið 1928.

Breytingar

Húsinn hafa haldist að mestu óbreytt frá byggingu þeirra. Byggt hefur verið við Hólatorg 4 og bætt við inngönguskúr við Hólatorg 6. Einnig hefur neðri svölum á Hávallagötu 9 verið lokað með gleri. Nú (2003) standa yfir breytingar á húsinu númer fjögur við Sólvallagötu.

Höfundar

Vitað er um höfunda allra húsanna. Einar Erlendsson teiknaði fimm hús, Einar Sveinsson og Sigmundur Halldórsson teiknuðu fjögur hús saman en einnig sitt húsið hvor. Þórir Baldvinsson, Hafliði Jóhannsson, Björn Rögnvaldsson, Gunnar Þ. Þorsteinsson, Pjetur Ingimundarson og Guttormur Andrésen teiknuðu allir sitt húsið hver. Að endingu teiknuðu Þorleifur Eyjólfsson og Sigurður Pjetursson eitt hús saman.

Saga reitsins

Samkvæmt fyrsta heildarskipulagi fyrir Reykjavík, sem samþykkt var í bæjarstjórn árið 1927, var gert ráð fyrir að meginhluti byggðar í Reykjavík rúmaðist innan Hringbrautar (þ.e. núverandi Snorrabrautar, Þorfinnsgötu, Hringbrautar og Ánanausts) og Skúlagötu. Þetta skipulag átti að fullnægja þörfum um íbúðabyggð í Reykjavík næstu áratugi, en þetta svæði varð þó fullbyggt á fjórða áratugnum og tók þá byggðin að færast suður út á Melana og í austurátt að Norðurmýri og Rauðarárholti.

Skipulagið frá 1927 var fellt úr gildi árið 1932. Það gerði ráð fyrir tveggja til þriggja hæða sambyggðum húsum við flestar götur. Bakhús voru algerlega bönnuð. Samkvæmt uppdraettinum er gerður lítil greinarmunur á umferðagötum og húsagötum að undantekinni Hringbrautinni sem hafði sérstöðu sem umferðaræð. Helmingur bæjarsvæðisins var þegar mótaður þegar skipulagið var gert, en nýtt deiliskipulag kom aðallega fram á Skólavörðuhæð og þar að sunnanverðu í holtinu og á Landakotshæð og þar hjá á Sólvöllum.

Einungis tvö hús á þeim reit sem hér um ræðir voru byggð fyrir 1927. Hin 16 voru reist samkvæmt skipulaginu frá 1927 og endurspeglar því byggðin á þessu svæði

þær merku skipulagshugmyndir sem uppi voru á 3. áratug 20. aldar. Byggðin umhverfis Landkotshæð, en sá reitur sem hér er til umfjöllunar er innan þess svæðis, sýnir heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.

Flest húsin sem hér er fjallað um tilheyra hinum svokallaða fúnkísstíl. Fúnkísstílinn barst til landsins um 1930. Þeir arkitektar sem fylgdu honum voru hugsjónamenn sem vildu bæta þjóðfélagið með góðri hönnun og útrýma heilsuspillandi húsnæði. Kenningin á bak við fúnkísstefnuna er sú að formið leiði af hlutverki mannvirkisins eða fúnksjóninni. Markmið fúnkísmanna var að útrýma skrauti og flúri og hafa hreinleika og nýtingu að leiðarljósi. Með fúnkísstílnum þróaðist sú tækni að nota innlend steinefni eða skeljabrot til múrhúðunar utan á steinsteyppt hús en eitt af aðaleinkennum íslenska fúnkísstílsins er steiningin. Frumkvöðlar íslenskrar fúnkísstefnu voru meðal annarra arkitektarnir Einar Sveinsson og Sigmundur Halldórsson.

Önnur stílbrigði koma einnig fram á þeim húsum sem hér eru könnuð. Húsin við Hólatorg 2 og 4 tilheyra þeim hópi húsa sem nefndur hefur verið bárujárnssveitser. Bárujárn barst til Íslands um 1875 og notuðu íslenskir smiðir bárujárn á hús sín sem byggð voru undir áhrifum frá nýklassík og sveitser og klæddu eldri hús bárujárn. Bárujárnssveitser hefur sömu einkenni og norsku sveitserhúsin að því undanskildu að veggir og þök voru klædd bárujárn og tók frágangur við glugga, hurðir, vatnsbretti, bönd, þakbrúnir og fleira mið af hinu nýja efni.

Húsin við Hólatorg 6 og 8, Sólvallagötu 2 og 4 eru öll steinsteyppt hús í nýbarokk stíl. Einkenni þeirra húsa sem falla undir nýbarokk er að þau skiptast oftast í kjallara, hæð og ris með inngangi um sérstaka forstofubyggingu á gafli með svölum yfir. Húsin einkennast af fremur stórum kvisti á framhlið og bakhlið, rismiklu þaki með bogadregnum göflum og kvistum sem oftast eru skreyttir ásamt gluggabrúnum með upphleyptum brúnum. Valmaþök eru algengari á stærri húsum. Að jafnaði eru gluggar krosspósta en þeir hafa gjarnan smáar rúður í efra fagi og stundum einnig í neðra fagi. Einbýlishús í nýbarokk stíl voru flest reist af velstæðum borgurum og skipstjórum á uppgangsárum togaraútgerðar. Húsin áttu sér fyrirmyndir í dönskum múrarameistaravillum sem aftur áttu sér enskar og þýskar fyrirmyndir.

Eitt stílbrigði til viðbótar má finna á þessum reit en það er nýklassík. Húsin við Sólvallagötu 6 og 10 eru undir áhrifum þeirrar stefnu. Uppbygging og gluggasetning húsa í nýklassískum stíl tekur mið af múrsteinshúsum. Húsin bera ýmis klassísk einkenni svo sem hálf súlur á veggjum, bjóra yfir gluggum og jarðhæð eða sökklar húsanna eru oft strikaðir til að líkja eftir steinhleðslu og flest húsin hafa risþök eða valmaþök. Hús voru einnig byggð án klassísks skrauts en gluggasetning og form húsanna afar lík hinum nýklassísku steinsteypuhúsum sem hér voru byggð.

Nafngiftir gatnanna

Á þriðja áratug 20. aldar þegar Reykjavík tók að þenjast út, tóku margar nýjar götur að myndast samtímis og dugði þá ekki lengur sú aðferð sem notuð hafði verið um nafngiftir gatna. Fram að þeim tíma hafði það tíðkast að ný götunöfn væru dregin af staðháttum eða nöfnum býla. Það varð því úr að hverfi skyldu fá götunöfn sem minntu hvert á annað og eiga Hávallagata, Sólvallagata og Blómvallagata rót sína að rekja til þessarar ákvörðunar.

Sólvallagata

Nafnið Sólvallagata kemur fyrst fram í manntali árið 1927 en var áður aðeins nefnt Sólvellir enda stóð þar lengst af aðeins eitt hús, *Álfheimar* (í dag Sólvallagata 12), hús Jónatans Þorsteinssonar kaupmanns. Árið 1940 var samþykkt að sameina

Sólvallagötu og Sellandsstíg og féll þá niður götuheitið Sellandsstígur. Sellandsstígur var kenndur við jörðina Sel (Selsland) sem áður var prestssetur.

Hávallagata

Nafn Hávallgötu var samþykkt árið 1934 og má vera að það sé tengt legu hennar, en hún liggur efst gatna í sunnanverðri Landakotshæðinni.

Hólatorg

Hólatorg heitir svo af því að það er í Hólavallarlandi. Heiti torgsins var samþykkt árið 1919. Hólavöllur nefndist svæðið suðaustan í Landskotshæðinni, milli Hólakots og Melshúsa.

Garðastræti

Gatan dregur nafn sitt af grjótgörðum, sem hlaðnir voru umhverfis tún Götuhúsa og Hlíðarhúsa. Nafnið Garðastræti kemur fyrst fram í manntali árið 1891. Lagning götunnar út frá Vesturgötu hófst um 1920.

Blómvallagata

Nafn Blómvallagötu var samþykkt árið 1926. Gatan tók að byggjast á 3. áratug 20. aldar.

Varðveislumat

Við mat á varðveislugildi byggðar er beitt svokallaðri SAVE-aðferð (Survey in Architectural Value in the Environment) sem gerð er grein fyrir í ritinu *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana*, útgefnu af Húsafriðunarnefnd ríkisins árið 1996. Þar er höfð til hliðsjónar dönsk SAVE-aðferð, þar sem lagt er mat á fjóra þætti; *byggingarlist, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunaleg gerð*. **Varðveislugildi húsa** byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Einnig er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur, sem gefin var út sem þemahefti með Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016 (Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Snorrabrautar / Hringbrautar).

Til umfjöllunar er staðgreinireitur **1.160.3** í Vestubæ Reykjavíkur. Hann afmarkast af Sólvallagötu, Blómvallagötu, Hávallagötu, Garðastræti og Hólatorgi.

HÚSVERNDARSKRÁ REYKJAVÍKUR.

Varðveislumat húsa í ofangreindum staðgreinireiti:

MILLIGULUR FLOKKUR: Verndun svæða.

Sólvallagata – Blómvallagata – Hávallagata – Garðastræti – Hólatorg

Allur reiturinn er þannig merktur og er þarna um að ræða heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldarinnar. Byggðin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Eftirfarandi viðauki birtist í þemahefti sem nefnist „Húsvörnd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar/Snorrabrautar“ og fylgdi Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016. Sá reitur sem hér er til umfjöllunar fellur undir tillögur um verndun kant- og brústeina í eldri götum.


VIÐAUKI 4. Kant- og brústeinar í eldri götum.

Í tillögum Húsvörndarnefndar er leitast við að meta hið manngerða umhverfi í heild sinni til varðveislu. Þáttur gangstétta og gatna, áferð þeirra og gerð, hafa verið vanmetin sem hluti arfleifðar okkar frá fyrri kynslóðum. Of oft hafa götusteinar ekki verið endurlagðir eða yfir þá hefur verið lagt lag af malbiki, þegar opna hefur þurft götur vegna viðhalds á lögnum í jörðu eða yfirborði þeirra sjálfra. Gerð hefur verið úttekt á kant- og brústeinum í eldri hverfum Reykjavíkur. Gert var kort þar sem gerð er tillaga að verndun þessara steina í þeim götum þar sem enn eru heillegar raðir þeirra.










VIÐAUKI 4. Kant- og brústeinar í eldri götum.

Í tillögum Húsverndarnefndar er leitast við að meta hið manngerða umhverfi í heild sinni til varðveislu. Þáttur gangstétta og gatna, áferð þeirra og gerð, hafa verið vanmetin sem hluti arfleifðar okkar frá fyrri kynslóðum. Of oft hafa götusteinar ekki verið endurlagðir eða yfir þá hefur verið lagt lag af malbiki, þegar opna hefur þurft götur vegna viðhalds á lögnum í jörðu eða yfirborði þeirra sjálfra. Gerð hefur verið úttekt á kant- og brústeinum í eldri hverfum Reykjavíkur. Gert var kort þar sem gerð er tillaga að verndun þessara steina í þeim götum þar sem enn eru heillegar raðir þeirra.



HÚSVERNDARASKRÁ REYKJAVÍKUR



-  Friðaðar byggingar
-  Tillögur að friðun bygginga
-  Verndun götumynda
-  Verndun 20.aldar bygginga
-  Byggingar byggðar fyrir 1918
-  Verndun svæðis
-  Verndun byggðamynsturs

Fyrsti eigandi Þóroddur Jónsson
heildsali

Hönnun Einar Sveinsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Kvartr og tinna
Þakgerð Valmaþak
Þakklæðning Eternitplötur
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
Ris
Kjallari
Útskot
Svalir

Helstu breytingar

1989 Íbúð í kjallara sþ.

Hönnuðir breytinga

Ágúst Þórðarson

bygg.fr.

Saga

Bílskúr var byggður við húsið árið 1939. Á húsinu eru fjórar veggsvalir. Húsið er múrhúðað utan með kvarzblöndu. Árið 1989 var samþykkt áður gerð íbúð í kjallara.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Fúnkísstíll.

Menningsögulegt gildi: Byggðin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götumyndina. Heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.

Upprunaleg gerð: Húsið er óbreytt.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Aðalsteinn Pálsson
skipstjóri

Hönnun Einar Sveinsson, Sigmundur
Halldórsson, arkitektar

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Valmaþak
Þakklæðning
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
Ris
Kjallari
Svalir

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Á lóðinni var virtur bílskúr árið 1936. Árið 1991 var samþykkt að stækka bílskúrin eftir teikningum Baldurs Einarssonar byggingatæknifræðings.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Fúnkísstíll.

Menningsögulegt gildi: Byggðin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götumyndina. Heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.

Upprunaleg gerð: Húsið er óbreytt.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Jóhann Jóhannesson
bankaritari

Hönnun Þórir Baldvinsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Hraunað
Þakgerð Geiraris
Þakklæðning Hellur
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
Ris
Kjallari

Helstu breytingar

1996 Endurbætur

Hönnuðir breytinga

Tryggvi Jakobsson bygg.fr.

Saga

Húsið er með svokölluðu geirarisi og klætt með þakhellu. Samkvæmt virðingu er kolageymsla utan við hliðvegg kjallarans undir gangstéttinni. Árið 1996 var samþykkt að stækka snyrtingu og baðaðstöðu í kjallara hússins samkvæmt teikningum Tryggva Jakobssonar byggingafræðings.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Fúnkísstíll.

Menningsögulegt gildi: Byggingin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götmyndina. Heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Tryggvi Ófeigsson
skipstjóri

Hönnun Einar Sveinsson, Sigmundur
Halldórsson, arkitektar

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Kwarts og tinna
Þakgerð Valmaþak
Þakklæðning Hellur
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
Ris
Kjallari
Svalir

Helstu breytingar

1979 Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Jón Björnsson

arkitekt

Saga

Samkvæmt fyrstu virðingu var húsið allt húðað að utan með hrafntinnublöndu. Árið 1935 var einnig virtur bílskúr á lóðinni eftir sömu arkitekta.

Árið 1979 var neðri svölum lokað með gleri samkvæmt teikningum Jóns Björnssonar arkitekts.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Fúnkísstíll.

Menningsögulegt gildi: Byggðin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götumyndina. Heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Þórður Stefánsson
kafari

Hönnun Hafliði Jóhannsson
trésmiður

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Kwarts og tinna
Þakgerð Valmaþak
Þakklæðning Eternitplötur
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
Ris
Kjallari

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Bílskúr, eftir Hafliða Jóhannsson, var virtur á lóðinni árið 1936. Árið 1955 er bílskúrin stækkaður samkvæmt teikningum Hafliða Jóhannssonar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Fúnkísstíll.

Menningsögulegt gildi: Byggðin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götmyndina. Heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.

Upprunaleg gerð: Húsið er óbreytt.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Jón Loftsson
heildsali

Hönnun Einar Sveinsson, Sigmundur
Halldórsson, arkitektar

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Kvarts og tinna
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Eternitplötur
Undirstöður	

Útlit

Tvílyft
Kjallari
Ris

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Árið 1936 var virtur bílskúr á lóðinni eftir Einar Sveinsson og Sigmundur Halldórsson.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Fúnkísstíll.

Menningsögulegt gildi: Byggðin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götumyndina. Heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.

Upprunaleg gerð: Húsið er óbreytt.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Páll Sigurðsson
læknir

Hönnun Björn Rögnvaldsson
forsmiður

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Valmaþak
Þakklæðning Eternitplötur
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
Ris
Kjallari
Svalir

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Árið 1935 var einnig virtur bílskúr á lóðinni. Samkvæmt teikningu frá 1945 eftir Björn Rögnvaldsson var bætt gróðurhúsi við bílskúrinn.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Fúnksístill.

Menningsögulegt gildi: Byggðin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götumyndina. Heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.

Upprunaleg gerð: Húsið er óbreytt.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Jakob Möller
ritstjóri, alþingismaður

Hönnun Einar Erlendsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Port
Ris
Kvistir
Inng.skúr
Kjallari

Helstu breytingar

2001 Endurbætur

Hönnuðir breytinga

Saga

Til eru teikningar af húsinu frá árinu 1914 eftir Einar Erlendsson. Einnig er til óundirrituð teikning frá 1919 sem sýnir grunnflöt hússins. Húsið var ekki virt fyrr en árið 1920 og þá nýbyggt. Húsið var sagt vera með háu "veranda". Samkvæmt fyrstu virðingu var útbygging við suðurhlíð hússins og inngönguskúr við norðurhlíð hússins. Í kjallara undir inngönguskúrnum var meðal annars hænsnaklefi.

Byggður var geymsluskúr úr steini með timburþaki sárið 1967 eftir teikningum Kjartans Sveinssonar.

Húseigandi fékk styrk úr Húsverndarsjóði Reykjavíkur árið 2001 að upphæð 250 þúsund til endursmíði á gluggarömmum. Húsið er frá síðasta skeiði sveitserfímabilsins og er góður fulltrúi þess stíls. Einar Erlendsson teiknaði fjögur húsanna í þessari húsalengju, tvö sveitserhús og tvö nýbarokkhús.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Bárújárnssveitser.

Menningsögulegt gildi: Byggðin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götumyndina. Heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Böðvar Kristjánsson
framkvæmdastjóri

Hönnun Einar Erlendsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Timbur, bindingur
Klæðning Bárújárn
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Bárújárn
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Kvistir
Port
Ris
Kjallari

Helstu breytingar

1938 Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Sigmundur Halldórsson arkitekt

Saga

Uppdrátt af húsinu gerði Einar Erlendsson. Árið 1938 var veitt leyfi fyrir 17,28 m stækkun norðan við húsið, uppdráttinn gerði Sigmundur Halldórsson. Það sama ár var einnig virtur inngönguskúr við húsið. Árið 1961 var Magnúsi Kjaran veitt leyfi til að gera svalir á vesturhlið rishæðar, en af framkvæmdum hefur ekki orðið. Uppdráttinn gerði Gísli Halldórsson. Árið 1919 fór fram brunavirðing, húsið var byggt sem hefðbundið járnvarið timburhús eftir byggingarsamþykkt 1903, en timburbitagólf voru óvenju traustbyggð enda fyllt milli bita með sandi.

Húsbyggjandi mun ekki hafa búið í húsinu. Magnús Kjaran og fjölskylda hafa búið lengst af í húsinu en Kjartan Jónsson frá 1971, og núverandi eigandi frá 1986.

Húsið er frá síðasta skeiði sveitsertímabilsins og er góður fulltrúi þess stíls. Einar Erlendsson teiknaði fjögur húsanna í þessari húsalengju, tvö sveitserhús og tvö nýbarokkhús.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Bárújárnssveitser.

Menningsögulegt gildi: Byggðin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götmyndina. Heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt, en byggt hefur verið við það.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Anna Friðriksdóttir

Hönnun Einar Erlendsson
arkitektUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Kvistir
Kjallari
Ris
Port

Helstu breytingar

1948 Inngönguskúr

Hönnuðir breytinga

Sigmundur Halldórsson arkitekt

Saga

Samkvæmt virðingu frá 1948 er ný forstofa í byggingu eftir teikningu Sigmunds Halldórssonar. Árið 1987 var samþykkt að fella fimm reynitré í garðinum.

Húsið er frá síðasta skeiði nýbarokktímabilsins, en um þetta leyti hófst tímabil fúnkísstílsins. Einar Erlendsson teiknaði fjögur húsanna í þessari húsalengju, tvö sveitserhús og tvö nýbarokkhús. Þetta hús er annað þeirra.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Nýbarokk.

Menningarsögulegt gildi: Byggðin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götmyndina. Heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt, fyrir utan viðbyggingu frá 1948.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Jónas Hvannberg
kaupmaður

Hönnun Pjetur Ingimundarson
forsmiður

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Mænisþak
Þakklæðning Eternitplötur
Undirstöður

Útlit

Einlyft
Kjallari
Ris
Kvistir
Útskot
Port
Svalir
Tass

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Inngönguskúrinn er við vesturgafli hússins. Húsið er óbreytt frá fyrstu virðingu. Húsið er frá síðasta skeiði nýbarokktímabilsins, en um þetta leyti hófst tímabil fúnkísstílsins.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Nýbarokk með júgendívafi. Húsið er góður fulltrúi þess stíls.

Menningsögulegt gildi: Byggðin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götmyndina. Heilsteyp og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar

Upprunaleg gerð: Húsið er óbreytt.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Lárus Lárusson
gjaldkeri

Hönnun Einar Erlendsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Brotþak(mansard)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Einlyft
Kjallari
Ris
Svalir

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Samkvæmt fyrstu virðingu voru báðar útidyrarhurðirnar úr "theek" eða tekki. Inngönguskúrinn var byggður við vesturgafli hússins og myndar steinsteypuþak skúrsins þaksvallir með steinsteypuhandriði umhverfis. Árið 1931 var virtur nýr bílskúr á lóðinni eftir teikningu Einars Erlendssonar arkitekts. Árið 1999 var veitt leyfi fyrir sólpalli við húsið. Húsið er frá síðasta skeiði nýbarokktímabilsins, en um þetta leyti hófst tímabil fúnkísstílsins. Einar Erlendsson teiknaði fjögur húsanna í þessari húsalengju, tvö sveitserhús og tvö nýbarokkhús. Þetta hús er annað þeirra.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Nýbarokk með júgendívafi.

Menningsögulegt gildi: Byggingin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götumyndina. Heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.


Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Páll Ólafsson
framkvæmdastjóri

Hönnun Guttormur Andrésson
arkitekt

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Brotþak(mansard)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Kjallari
Ris
Tvílyft
Kvistir
Svalir

Helstu breytingar

2002	Inngönguskúr
2002	Gluggabreyting
2002	Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Teiknistofan Skólav.st. 28
Teiknistofan Skólav.st. 28
Teiknistofan Skólav.st. 28

Saga

Árið 2002 var veitt leyfi til breytinga á húsinu: breyta gluggum til upprunalegs horfs, byggja steinsteypt anddyri og stækka kjallara við austurhlið, lækka kjallaragólf og breyta kjallaragluggum á suðurhlið hússins. Breytingarnar unnu Teiknistofan Skólavörðustígur 28 sf.

Í febrúar 2003 var sótt um leyfi til þess að byggja kjallaratröppur og viðbyggingu að kjallara og fyrstu hæð norðurhliðar húss, fella niður kjallaratröppur á austurhlið húss og byggja bílskúr í norðausturhorni lóðar. Einnig var sótt um leyfi til þess að reisa steinsteyptan garðvegg að götu og breyta innra fyrirkomulagi á fyrstu hæð hússins. Þann 30. apríl 2003 var erindið samþykkt að undanskildum bílskúr. Teiknistofan Skólavörðustígur 28 sf. teiknaði þessar breytingar. Þann 6. maí 2003 er samþykkt hjá byggingafulltrúa að koma fyrir tveimur bílastæðum í norðausturhorni lóðarinnar. Þann 15. maí 2003 er aftur sótt um leyfi til að byggja bílskúrinn.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Nýbarokk.

Menningsögulegt gildi: Byggðin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götumyndina. Heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.

Upprunaleg gerð: Húsið er talsvert breytt.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Markús Ívarsson
vélsmiður

Hönnun Þorleifur Eyjólfsson og
Sigurður Pjetursson

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteypt
Klæðning Múrsléttað
Þakgerð Valmaþak
Þakklæðning Bárújám
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
Kjallari
Kvistir
Inng.skúr
Ris

Helstu breytingar

1993 Íbúð í risi sþ.
1993 Íbúð í kjallara sþ.

Hönnuðir breytinga

Hrafnkell Thorlacius arkitekt
Hrafnkell Thorlacius arkitekt

Saga

Inngönguskúrinn er við norðurhlíð hússins. Til er teikning af bílskúr eftir Sigurð Pjetursson arkitekt frá 1947 en það ár var samþykktur bílskúr á lóðinni. Bílskúrinn var byggður á árunum 1953-1954. Árið 1993 voru samþykktar áður gerðar íbúðir í kjallara og risi.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Nýklassík.

Menningsögulegt gildi: Byggingin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götumyndina. Heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.

Upprunaleg gerð: Húsið er óbreytt.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Ólafur Gíslason
stórkaupmaður

Hönnun Sigmundur Halldórsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning Skeljasandur
Þakgerð Valmaþak
Þakklæðning Hellur
Undirstöður

Útlit

Tvílyft
Ris
Kjallari
Svalir
Útskot

Helstu breytingar

1958 Viðbygging

Hönnuðir breytinga

Sigmundur Halldórsson arkitekt

Saga

Samkvæmt fyrstu virðingu var húsið með steinhelluþaki og allt múrhúðað utan, umhverfis glugga og bönd með kvarts og tinnu, en annarsstaðar með skeljasandi. Á lóðinni var einnig virtur bílskúr árið 1940. Árið 1958 var byggt við bakhlið hússins.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Fúnkísstíll.

Menningsögulegt gildi: Byggingin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götumyndina. Heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Kristinn Sigurðsson
múraramestari

Hönnun Einar Erlendsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Íbúðarhús



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttað
Þakgerð	Brotþak(mansard)
Þakklæðning	Hellur
Undirstöður	

Útlit

Kjallari
Ris
Inng.skúr
Einlyft
Kvistir

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Inngönguskúrinn er við vesturgafli hússins. Árið 1931 var einnig virtur bílskúr á lóðinni og geymsluskúr á milli bílskúrsins og hússins. Einar Erlendsson teiknaði þá. Reykjavíkurborg eignaðist húsið árið 1970 og var því þá breytt í Mæðraheimili. Leifur Blumenstein teiknaði þá breytingar innandyra. Árið 1984 voru gamlir skúrar á lóðinni fjarlægðir og árið 1987 voru 12 víðitré fjarlægð af lóðinni. Árið 1990 var sett bárujárn á steyp þílskúrþak samkvæmt teikningum Guðmundar Pálma Kristinssonar.

Varðveislumat:

Lístrænt gildi: Nýklassík.

Menningsögulegt gildi: Byggðin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götmyndina. Heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.

Upprunaleg gerð: Húsið er að mestu óbreytt.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Sigurður Ámundason

Hönnun Einar Sveinsson, Sigmundur
Halldórsson, arkitektarUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Hraunað
Þakgerð	Valmaþak
Þakklæðning	Eternitplötur
Undirstöður	

Útlit

Tvílyft
Útskot
Ris
Kjallari

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Á lóðinni stóð annað hús sem var rífið árið 1922. Samkvæmt fyrstu virðingu er húsið sagt vera múrhraunað að utan. Árið 1995 var samþykkt að reisa pall og skjólvegg við húsið samkvæmt teikningum Gunnars Borgarssonar arkitekts. Vegna þessa var samþykkt að fella reynivið á lóðinni.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Fúnksístill.

Menningarsögulegt gildi: Byggðin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20. aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götmyndina. Heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.

Upprunaleg gerð: Húsið er óbreytt.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Fyrsti eigandi Ólafur Helgason o.fl.

Hönnun Gunnar Þ. Þorsteinsson
tæknifræðingurUpphafleg notkun
Íbúðarhús

Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Ómúrað
Þakgerð	Brotapak(mansard)
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	

Útlit

Tvílyft
Ris
Kjallari
Svalir

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Árið 1955 var reistur bílskúr á lóðinni eftir teikningum Gunnars Þ. Þorsteinssonar. Árið 1998 var samþykkt að hækka suðurbrún þaks á bílageymslu á lóðinni samkvæmt teikningum Þormóds Sveinssonar arkitekts.

Varðveislumat:

Listrænt gildi: Síðfúnkísstíll.

Menningsögulegt gildi: Byggingin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugs 20.aldar.

Umhverfisgildi: Mikið gildi fyrir götmyndina. Heilsteypt og rótgróið íbúðarhverfi frá 3. og 4. áratug 20. aldar.

Upprunaleg gerð: Húsið er óbreytt.

Varðveislugildi: Í Húsverndarskrá Reykjavíkur er húsið í milligulum lit, svæði sem lagt er til að vernda. Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi. Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

Árbæjarsafn (Ábs):

Byggðar lóðir í Reykjavík.
Húsaskrá Reykjavíkur.
Kortasafn.

Borgarskjalasafn (BsR):

Aðf. 723-724. Brunatrygging húsa 1874-1895.
Aðf. 734-748. Brunabótavirðingar.
Aðf. 751-757. Brunatrygging húsa 1896-1943.
Aðf. 3374. Götunöfn og húsanúmer 1914-1960.
Skjöl byggingarfulltrúa (B) fyrir Sólvallagötu, Hávallagötu og Hólatorg.

Byggingarfulltrúi Reykjavíkur (Byggf. í Rvk.):

Innlagðar teikningar.

Prentaðar heimildir:

Aðalskipulag Reykjavíkur 1962-83. Reykjavík 1966.

Aðalskipulag Reykjavíkur 1984-2004. Unnið af Borgarskipulagi Reykjavíkur.
Reykjavík 1988.

Árni Óla: „Nafngiftir gatna í Reykjavík“. *Skuggsjá Reykjavíkur*, Reykjavík 1961, bls. 328-344.

Byggingareglugerðir og lög 1839, 1844, 1894, 1903, 1904, 1915, 1924, 1964.

Leiðsögn um íslenska byggingarlist. Ritstjórn: Dennis Jóhannesson, Albína Thordarson, Málfríður Kristjánsdóttir og Sigríður Ólafsdóttir. Reykjavík 2000.

Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund. Saga og sérkenni höfuðborgarinnar í máli og myndum, 1.-3. bindi*. Reykjavík 1988.

Páll Líndal: *Bæirnir byggjast. Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938*. Reykjavík 1982.

Pétur H. Ármannsson: *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*. Kjarvalsstaðir Reykjavík 1995.

Trausti Valsson: *Reykjavík Vaxtarbroddur, Þróun höfuðborgar*. Reykjavík 1986.